



---

**LÁNAMÁL RÍKISINS**

---

Sýnishorn

**AÐALMÍÐLARASAMNINGUR**

Seðlabanki Íslands, kt. 560269-4129 fyrir hönd ríkissjóðs, hér eftir nefndur Seðlabankinn, og [●] hf., kt. [●], hér eftir nefndur aðalmiðlari, gera með sér eftirfarandi samning í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði (hér eftir einnig nefndur „aðalmiðlarasamningurinn“)

Í aðalmiðlarasamningnum merkja ríkisbréf innlendar skuldabréfaútgáfur ríkissjóðs, en ríkisverðbréf merkja í senn innlendar skuldabréfa- og víxlaútgáfur ríkissjóðs.

### *1. gr.*

#### **Umfang og markmið aðalmiðlarasamningsins**

Markmið samningsins er að viðhalda aðgengi ríkissjóðs að lánsfé, efla verðmyndun á eftirmarkaði með ríkisverðbréf og stuðla að virku markflokkekkerfi (e. Benchmark Series) á Íslandi í þeim tilgangi m.a. að móta viðmið fyrir aðrar útgáfur skuldabréfa í íslenskum krónum.

Seðlabankinn skal birta opinberlega lista yfir aðalmiðlara ríkisverðbréfa. Þeir sem undirritað hafa samninginn mega kalla sig aðalmiðlara íslenskra ríkisverðbréfa.

### *2. gr.*

#### **Útboð ríkisverðbréfa og aðgangur aðalmiðlara að þeim**

Útboð ríkisverðbréfa verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í viðurkenndu upplýsingakerfi a.m.k. einum viðskiptadegi fyrir útboð.

Aðalmiðlari skuldbindur sig til að leggja fram tilboð að lágmarki 100 m.kr. að nafnvirði í hverju útboði ríkisverðbréfa. Tilboð skulu vera í samræmi við útboðsskilmála og taka mið af markaðsverði þegar útgefina flokka ríkisverðbréfa og annarra fjármálaafurða sem talist geta svipaðar á hverjum tíma.

Einungis aðalmiðlarar hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í reglubundnum útboðum með ríkisvíxla og ríkisbréf.

Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir getur Seðlabankinn boðið hverjum aðalmiðlara til viðbótar allt að 10% af nafnvirði þess sem hann keypti í útboðinu á meðalverði samþykktra tilboða. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Dæmi: Aðalmiðlari kaupir 1 ma.kr. í útboði og á því kauprétt á 100 m.kr. til viðbótar á meðalverði samþykktra tilboða í útboðinu.

Ef aðalmiðlari einhverra hluta vegna sendir ekki inn tilboð í einstöku útboði og tilkynnir ekki um ástæður þess áður en útboðsfrestur rennur út hefur Seðlabankinn heimild til þess að lækka þóknun til hans sbr. 6. gr. um eina milljón króna í hvert sinn sem slíkt gerist.

### *3. gr.*

#### **Viðskiptavakt á eftirmarkaði**

Viðskiptakerfi vegna viðskiptavaktar skv. aðalmiðlarasamningnum er viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf., kt. 681298-2829 (e. Nasdaq Iceland hf.), eða annað viðskiptakerfi sem ákveðið er að höfðu samráði við aðalmiðlara.

Aðalmiðlarar eru ekki skuldbundnir til að hafa viðskiptavakt á ríkisvíxlum samkvæmt samningi þessum.

Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í viðskiptakerfið fyrir opnun markaðar í þá flokka ríkisbréfa sem tilgreindir eru í meðfylgjandi töflu. Lágmarksfjárhæð tilboða skal vera sem þar greinir.

<i>Óverðtryggðir flokkar</i>	<i>Lágmarkstilboð að nafnvirði, kr.</i>
RIKB 26 1015	100.000.000
RIKB 27 0415	100.000.000
RIKB 28 1115	100.000.000
RIKB 31 0124	100.000.000
RIKB 35 0917	100.000.000
RIKB 38 0215	100.000.000
RIKB 42 0217	100.000.000
<i>Verðtryggðir flokkar</i>	
RIKS 29 0917	90.000.000
RIKS 30 0701	60.000.000
RIKS 33 0321	60.000.000
RIKS 37 0115	90.000.000
RIKS 50 0915	50.000.000

Þeir flokkar ríkisbréfa sem eru með viðskiptavakt nefnast markflokkar. Deild Lánamála ríkisins innan Seðlabankans tilkynnir aðalmiðlurum hvenær viðskiptavakt á nýjum flokki hefst og hvert lágmarkstilboð að nafnvirði skuli vera í flokknum, en tilboð í nýja flokka ríkisbréfa sem gefnir verða út á samningstímanum skulu að lágmarki nema 100 m.kr. að nafnvirði, nema að Lánamál ákveði lægri fjárhæð. Hið sama gildir ef áður útgefnum flokki er breytt í markflokk á samningstímanum.

Aðalmiðlara er skylt að endurnýja tilboð sín í viðskiptakerfinu innan 10 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið að hluta eða að fullu.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða aðalmiðlara ákvarðast af verði gildra tilboða. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða er ákveðinn eftir lánstíma til gjalddaga á viðskiptadegi og má mest vera:

<i>Lánstími</i>	<i>Hámarksmunur</i>
1 mánuður til 6 mánuðir	0,08%
6 mánuðir til 2 ár	0,15%
2 til 4 ár	0,25%
4 til 6 ár	0,30%
6 til 9 ár	0,50%
9 til 12 ár	0,60%
12 til 18 ár	0,90%
18 ár eða lengri	1,00%

Eftirtalin ríkisbréf falla ekki undir kröfur um hámarksmun kaup- og sölutilboða:

<i>Lánstími</i>	<i>Hámarksmunur</i>
Óverðtryggð ríkisbréf til eins mánaðar og skemur.	Ekki skilgreindur hámarksmunur.
Verðtryggð ríkisbréf til sex mánaða og skemur.	Kauptilboð skulu lögð fram.

Eigi aðalmiðlari viðskipti á einum viðskiptadegi fyrir 600 m.kr. að nafnvirði í tilteknum flokki (viðskipti tilgreind “Standard”) er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup-

og sölutilboða sem getið er um í framangreindri töflu í þeim flokki þann dag. Forsenda fyrir því að aðalmiðlari megi víkja frá ofangreindum hámarksmun er að 300 m.kr. viðskipti í viðkomandi flokki eigi sér stað með þeim hætti að gengið hafi verið að framlögðum tilboðum viðkomandi aðalmiðlara.

4. gr.

#### **Takmarkanir á kaupum útgefanda á eigin bréfum**

Seðlabankanum f.h. ríkissjóðs er ekki heimilt að ganga á tilboð sem viðskiptavakar leggja fram í viðskiptakerfi með markflokka ríkisbréfa, sbr. 3. gr., sem eiga meira en eitt ár til gjalddaga.

5. gr.

#### **Samskipti og upplýsingagjöf**

Aðalmiðlari skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Seðlabankann vegna ákvæða í aðalmiðlarasamningnum. Aðalmiðlarar bera ábyrgð á þeim aðilum sem koma fram fyrir hönd aðalmiðlara í samskiptum við Seðlabankann. Seðlabankinn heldur fundi með aðalmiðlurum eftir því sem hann telur þörf á. Óski Seðlabankinn eftir því, skulu aðalmiðlarar veita Seðlabankanum upplýsingar um hverjir eru kaupendur í útboðum ríkisverðbréfa skipt eftir tegundum fjárfesta.

Aðalmiðlari heimilar Seðlabankanum aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í viðskiptakerfum hvað varðar alla flokka ríkisverðbréfa. Aðalmiðlari heimilar einnig birtingu upplýsinga sem varða markaðshlutdeild hans á frummarkaði.

Aðalmiðlari skal stefna að því að greina markað með ríkisverðbréf og upplýsa Seðlabankann um aðstæður á markaði með ríkisverðbréf, sem og eftir því sem við á að mæla með ráðstöfunum sem bæta virkni markaðarins.

6. gr.

#### **Greiðsla og útreikningur þóknunar**

Þóknunin skiptist í eftirfarandi hluta:

- (i) Þóknun vegna útboða ríkisbréfa:  
Seðlabankinn greiðir aðalmiðlara þóknun sem nemur 0,10% af markaðsverði samþykkrtra tilboða aðalmiðlara í útboðum ríkisbréfa með lengri tíma til gjalddaga en 3 ár. Seðlabankinn greiðir 0,04% þóknun af markaðsverði samþykkrtra tilboða aðalmiðlara í útboðum ríkisbréfa með gjalddaga eftir 3 ár eða skemur. Á uppgjörstegi útboðs dregur Seðlabankinn þóknunina frá þeirri greiðslu sem aðalmiðlara ber að inna af hendi vegna kaupa á ríkisbréfum (nettóuppgjör). Engin þóknun verður greidd vegna útboða ríkisvísla.
- (ii) Föst þóknun:  
Seðlabankinn greiðir aðalmiðlurum fasta þóknun. Til ráðstöfunar eru samtals 110 m.kr. þann 15. október 2026 og 110 m.kr. þann 15. apríl 2027. Föst þóknun skiptist jafnt milli aðalmiðlara sem eru samningsaðilar á viðkomandi tímabili sem greiðslan tekur til og er greidd á framangreindum greiðsludögum inn á þann reikning sem aðalmiðlari tilgreinir Seðlabankanum.

Bætist nýr aðalmiðlari við á gildistíma samnings (sbr. 10. gr.) á hann einungis rétt til hlutdeildar í fastri þóknun skv. lið (ii) frá og með undirritunardegi samhljóða aðalmiðlarasamnings, og ekki afturvirk.

Segi aðalmiðlari samningi upp skv. 12. gr. (og/eða samningur fellur niður af öðrum ástæðum) á hann rétt til hlutdeildar í fastri þóknun skv. lið (ii) til og með þeim degi sem uppsögn tekur gildi, en ekki eftir það.

Við útreikning á fastri þóknun skv. lið (ii) skal, ef aðild breytist á tímabilinu, hlutdeild hvers aðalmiðlara reiknast hlutfallslega miðað við fjölda daga sem viðkomandi var aðili að samningnum á því tímabili sem greiðslan tekur til.

#### 7. gr.

##### **Uppgjör verðbréfavíðskipta og skuldfærsluheimild**

Uppgjör útboða, endurhverfra víðskipta eða annarra verðbréfavíðskipta við Seðlabankann fer fram í skipulögðu afhendingu gegn greiðslu uppgjöri hjá verðbréfamiðstöð (DVP). Aðalmiðlari skuldbindur sig til að hafa nægilega ráðstöfunarfjárhæð til uppgjörs á viðkomandi LOM reikningi í MBK kerfinu fyrir hverja uppgjörslotu á uppgjörsdegi þar til að uppgjör hefur farið fram.

Aðalmiðlari lýsir því yfir að Seðlabankanum er heimilt að skuldfæra reikning nr. [●] hjá bankanum í tengslum við sérstaka fyrirgreiðslu skv. 9. gr. og fyrir öllum kostnaði í tengslum við víðskipti aðalmiðlara við Seðlabankann. Aðalmiðlari skuldbindur sig til að hafa nægilega ráðstöfunarfjárhæð inni á viðkomandi reikningi.

#### 8. gr.

##### **Alvarleg markaðstruflun**

Ef alvarleg markaðstruflun á sér stað getur Seðlabankinn að fengnu samþykki meirihluta aðalmiðlara breytt eða fellt úr gildi tímabundið einstök ákvæði aðalmiðlarasamningsins.

#### 9. gr.

##### **Sérstök fyrirgreiðsla til aðalmiðlara**

Aðalmiðlarar hafa aðgang að sérstakri fyrirgreiðslu sem Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs veitir aðalmiðlurum, t.d. í formi endurhverfra víðskipta með ríkisbréf. Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs setur sérstakar reglur um fyrirgreiðslu sem veitt er til aðalmiðlara og aðilar samnings þessa skulu fylgja.

##### **Önnur ákvæði**

#### 10. gr.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja aðalmiðlara á samningstímanum og myndi slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum.

#### 11. gr.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til þess að breyta fyrirkomulagi í tengslum við víðskiptavakt á svokölluðum „on-the-run“ og „off-the-run“ flokkum.

#### 12. gr.

Aðalmiðlarasamningurinn tekur gildi 1. apríl 2026 og gildir til 31. mars 2027. Hvor samningsaðili um sig getur sagt upp samningnum með 2ja mánaða fyrirvara. Telji annar samningsaðilinn að alvarleg brot hafi verið gerð á samningnum getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og víðskiptavakt á eftirmarkaði.

Aðalmiðlarasamningurinn er þýddur yfir á ensku en íslenski textinn gildir.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir hafa verið við aðra aðalmiðlara fyrir sama samningstímabil.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita samningsaðilar aðalmiðlarasamning þennan með rafrænum skilríkjum. Skal dagsetning samnings þessa miðast við tímamark síðasta undirritunaraðila.

SEÐLABANKI ÍSLANDS  
F.h. ríkissjóðs

 HF.